



Reykjavík, 4.apríl 2016

Skýrsla stjórnar AE starfsendurhæfingar fyrir árið 2015

Um félagið og starfsemi þess

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað í maí 2005. Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks sem misst hefur hlutverk í lífinu. Stjórn félagsins var óbreytt frá fyrra ári. Sæunn Stefánsdóttir var formaður stjórnar og Þórólfur Árnason varaformaður. Aðrir í stjórn voru Andri Árnason, Árni Gunnarsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og varamaður var Elín Ebba Ásmundsdóttir, eigandi AE starfsendurhæfingar sem rekur Hlutverkasetur.

Yfir árið störfuðu 16 starfsmenn í tæpum átta stöðugildum og var meirihluti starfsmanna með notendabekkingu. Kremena P. Demireva, Todd Zuvich og Benna Fjóludóttir unnu í tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem hófst 2014. Þau Kremena og Todd unnu sem stuðningsfulltrúar/liðveisla hjá Geðheilsustöð Breiðholts. Benna vann í búsetukjarna á Bríetartúni. Benna hætti fljótlega eftir áramótin og flutti til Noregs, en hin tvö fengu fastráðningu hjá liðveislu Reykjavíkurborgar í október. Jón Ari Jónsson vann tímabundið í NsN verkefni við úttekt á áhrifum atvinnuþátttöku á líðan og lífsgæði geðsjúkra. Héðinn Baldursson Briem hóf störf í mars en hann tók við af Stefáni Sveinbjörnssyni sem lét af störfum í febrúar. Héðinn vann jafnframt í íbúðakjarna í Bríetartúni. Atli Þór Elísson var í ársstöðu notendastarfsmanns. Hulda Rós Gunnarsdóttir tók við af Öddu G. Sigurjónsdóttir og sér um súpueldhúsið og handavinnuhornið þegar Adda fékk vinnu sem leikskólakennari. Guðlaug Helga Valdimarsdóttir fór á eftirlaun í desember en hún hafði unnið frá upphafi í Hlutverkasetri.

Fjórir nemendur komu í vettvangsnám í Hlutverkasetur í sex vikur í senn. Tveir iðjuþjálfanemar koma frá FH JOHANNEUM, Bad Gleichenberg í Austurríki, Mona Wiener og Lisa Prenner. Tveir meistaranemar í iðjuþjálfun komu á vegum Háskólans á Akureyri frá University of Alberta í Edmonton, Kanada, Kirsten Dembicki og Jacklyn Robertson. Fjórir iðjuþjálfanemar á þriðja ári við heilbrigðisvísindasvið HA komu tvisvar sinnum í apríl og stjórnðu hópastarfi.

Samningur við Reykjavíkurborg

Samningurinn fól í sér starfsendurhæfingu, jafningjastuðning, úttekt og fræðslu, notendasamráð og eftirfylgd. Á árinu 2015 voru 38 einstaklingur skráðir á vegum Reykjavíkurborgar í tengslum við almenna starfsendurhæfingu. Tuttugu og þrjú karlar og 15 konur, þar af 23 Íslendingar og 11 af erlendum uppruna. Vikudagskrá Hlutverkaseturs og aðrar upplýsingar voru sendar reglulega til þjónustufulltrúa Reykjavíkurborgar. Í ár komu virkniráðgjafar á vegum borgarinnar í kynningu í Hlutverkasetur. Eins og undanfarin ár hafa einstaklingar getað komið af eigin hvötum í kynningar og starfsfólk þjónustumiðstöðvanna hafa beint fólki á staðinn. Að meðaltali koma 8 - 10 einstaklingar í kynningu í hverri viku.

Haft var samband við alla forstöðumenn búsetukjarna Velferðarsviðsins og fóru NsN starfsmenn á staðina og ræddu við íbúa. Rætt var um valdeflingu, notendasamráð og íbúafundi og annað sem kom upp eins og t.d. kynning á úrræðum og fl. Heimsóttir voru eftirfarandi íbúðakjarnar, innan sviga er fjöldi þeirra sem tóku þátt: Bríetartún (10), Dalbraut (15), Starengi (8), Skarphéðinsgata (5), B kjarni Flókagötu (6), Gunnarsbraut (4), og Hverfisgata (5). Tvisvar sinnum var farið í Hraunabæ (8, 4) og Skarphéðinsgötu (5, 5) Farið var með tvo erlenda iðjuþjálfanema í kynningu á Starengi (5) og rætt um valdeflingu og notendasamráð.

Hluti samningsins við Reykjavíkurborg er að finna leiðir til að auka notendasamráð, hvetja íbúa til að tjá eigin þarfir og skoðanir og taka þátt í að móta þjónustu sem þeir fá. Íbúar frá einum íbúðarkjarnanum hafa eflst mikið. Nokkrir þeirra sem hafa stundað staðinn reglulega og/eða eru í góðum tengslum við starfsfólk Hlutverkaseturs fóru að láta í ljós óánægju með ýmis atriði í starfsemi íbúðakjarnans. Því var fylgt eftir og fimm fundir voru haldnir um efnið (3, 8, 8, 2, 9), þar sem sex íbúar tóku þátt, þrír starfsmenn Hlutverkaseturs og þrír yfirmenn frá Reykjavíkurborg. Breytingar hafa orðið í starfsemi íbúðakjarnans frá því að NsN úttekt var gerð 2011. Þá voru flestir íbúar ánægðir með þjónustuna og starfsfólkið. Æ fleiri reglur hafa verið settar síðan sem íbúum finnst hamlandi og draga úr lífsgæðum þeirra. Íbúar vildu t.d. koma meira að ráðningu nýrra starfsmanna og vildu meiri aðhald frá yfirstjórn kjarnans. Íbúar og starfsmenn virtust setja ólíkan skilning í hugtakið innihaldsríkt og sjálfstætt líf. Í samvinnu við íbúa voru settar fram tillögur um á hvern hátt endurskoðun gæti farið fram og sent til yfirstjórnar viðkomandi þjónustumiðstöðvar, sem íbúakjarninn tilheyrir.

Verkefnið *FC Sækó - geðveikur fótbolti* fékk hvatningarverðlaun velferðarráðs Reykjavíkur 2015 sem Berþór Böðvarsson hefur haldið utan um. Eftir velheppnaða ferð FC Sækó til Skotlands í desember 2014 var fótboltaæfingum fjölgað í þrisvar í viku í stað einu sinni. Bætt var við göngufótbolta og fótboltaæfingum með keilum. Einu sinni í viku var æfing haldin að kvöldi til að ná til þeirra sem voru komnir út á vinnumarkaðinn. Í maí var haldið innanhúsfótboltamót í Vodafonehöllinni, Valsheimilínu að Hlíðarenda. Þar öttu kappi 6 lið, skipuð 7 – 8 manns, notendum og starfsfólki og fylgdust fjölmargir áhorfendur með keppninni. Haldið var sumarmót á grasvellingum við Kleppsspítala. KSÍ studdi vel við verkefnið m.a. var dómari frá KSÍ fenginn til að sjá um dómgæslu. Alls tóku 7 lið þátt í mótinu, 8 manns í hverju liði, sem fyrr skipuð notendum og starfsfólki. Fundað var með forsvarsmönnum fótboltaverkefnisins auk sviðsstjóra velferðarsviðs og forsvarsmönnum KSÍ. Allir þessir aðilar hafa stutt vel og á mismunandi hátt við verkefnið. FC Sækó fékk að æfa á gervigrasvellingum í Laugardal og hófust æfingar þar einu sinni í viku í nóvember. NsN starfsmaður hefur haldið utan um þær æfingar. Útlendingar sem mæta í Hlutverkasetur, af ýmsum ástæðum, hafa verið hvattir til að taka þátt. Tveir hælisleitendur hafa mætt reglulega í fótboltann. Undirbúningsferð var farin í nóvember til Notts County "*Football in the community*" sem er í Nottingham í Englandi. Þrír fulltrúar frá liðinu fóru til að hitta forsvarsmenn, starfsmenn og notendur verkefnisins til að skapa tengsl og undirbúa næstu ferð. Stjórn FC Sækó var stofnuð í nóvember. Stjórnin er sjö manna og þar af hafa fimm notendareynslu.

Héðinn Baldursson Bríem vann náíð með Bergþóri. Þeir settu af stað trimmhóp yfir sumarmánuðina, þar sem gengið, skokkað eða hlaupið var, allt eftir getu eða áhuga. Fjórtán manns tóku þátt og mættu sjö að meðaltali í hvert skipti. Stutt myndbönd voru sett inn á facebooksíðu Hlutverkaseturs til að vekja áhuga á hópnum og vöktu þau athygli. Þemadagar tengdust trimminu, til að skapa stemmingu og þátttakendur mættu í kjólum, náttfötum eða með skrautleg höfuðföt. Komið hefur í ljós að þeir sem stunda Hlutverkasetur taka engan þátt í almennum samfélagsuppákomum, ef þátttaka felur í sér kostnað. Hlutverkasetur hefur því veitt nokkrum styrki og greiddi þátttökugjald til að efla viðkomandi til frekari samfélagsþátttöku. Hlutverkasetur tók þátt í *Color Run* hlaupinu og styrkti þátttöku 12 notenda sem höfðu stundað reglulega hreyfingu yfir veturinn. Tveir á vegum Hlutverkaseturs tóku einnig þátt í Reykjavíkurmaraþorinu.

Skákmót var haldið í Hlutverkasetri í júní, þar sem öllum búsetukjörnum Reykjavíkurborgar var boðið. Vin lánaði skákbord og klukkur. Átján manns mættu og 10 tefldu. Héðinn stofnaði skáklúbburinn *Áttavilltir* í framhaldinu og er tengiliður við skákáhugamenn íbúðarkjarnana. *Áttavilltir* tóku þátt í Íslandsmóti skákfélaga í lok september (8). Félagið skipa 12 manns og hafa um 8 manns mætt frá stofnuninni. Þeir mættu á jólaskákmót Klepps og hrepptu 2. sæti. Tveir gestir Vinjar, þeir Hörður Jónasson og Hjálmar

Sigurvaldason, voru með skákkennslu einu sinni í viku og mættu tveir til fimm skákmenn í hvert skipti. Héðinn sá einnig um Evróvisionkvöld (20) og strákakvöld (25). Á strákakvöldinu voru bakaðar pizzur, horft á bíómynd og tekið í spil. *Lani* var startað í október (11) á föstudagskvöldum að beiðni íbúðakjarnans á Njálsgötu. Lankvöld var einnig í nóvember (10). Í *Lani* eru margar tölvur tengdar á sama net til þess að spila leiki. Spilatíminn getur farið upp í 8 klst. Þessi iðja er vinsæl á meðal ungra karla og tók Hlutverkasetur áskoruninni. Íbúum á Bríetartúni var boðið með íbúum frá Njálsgötu. Fjöldi takmarkaðist við 10 manns og mættu 11 í fyrsta skipti. Borðtennisklúbb var komið af stað á haustmánuðum að frumkvæði íbúa sem býr í Rangárseli. Einu sinni í viku bar hann ábyrgð á að taka á móti áhugasömum borðtennisiðkendum. Héðinn var einnig með í að stofna trommuhóp ásamt Christien sem hist hefur eftir hefðbundna dagskrá á föstudögum. Fimm til átta hafa mætt og eru flestir af erlendu bergi brotnir.

Unglinganámskeiðin héldu áfram frá febrúar fram í apríl, einn eftirmiðdag í viku, 2 1/2 tíma í senn, alls átta skipti. Markhópurinn voru unglingar 12 - 18 ára sem búa við erfiðar aðstæður s.s. vegna veikinda á heimilinu, fjárhagsvandkvæða, eru kvíðnir eða félagsfælnir, eða annað sem gerir það að verkum að þeir nýta sér ekki almennar félagsmiðstöðvar. Markmiðið er geðrækt í gegnum samveru með þátttöku í fjölbreyttum verkefnum. Þrettán unglingar tóku þátt, fimm drengir og átta stúlkur. Að meðaltali mættu sjö börn í hvert skipti. Átta notendur og starfsmenn Hlutverkaseturs hafa komið að þessu námskeiði í eitt eða fleiri skipti. Eins og áður voru kvöldin tvískipt. Fyrri partinn höfðu þátttakendur val um matreiðslu, listir eða að spila og seinni partinn var lögð áhersla á meiri samveru. Í þeim hluta var m.a. farið í bingó, haldið bíókvöld og farið í keilufurð. Þjónustumiðstöðvar, barnaverndarnefnd, félagsráðgjafar, námsráðgjafar og geðdeildir LSH hafa fengið upplýsingar um námskeiðin og hafa aðgengi að þeim.

Opið hús hélt áfram frá janúar til maí í umsjá Christien Kristjánsson á föstudagskvöldum frá kl. 20 – 23. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun fólks af erlendum uppruna, innflytjenda og hælisleitenda og skapa umhverfi sem auðvelda tengsl við Íslendinga. Um 20 einstaklingar hafa nýtt sér þetta tilboð, sex til 18 mættu í hvert skipti.

Leikhópur Hlutverkaseturs, undir stjórn Etnu Lupita, tók formlega til starfa í september. Hann hittist tvisvar sinnum í viku eftir vinnutíma. Sex til 10 hafa mætt í hvert skipti. Fimm einstaklingar upp í 20 manns hafa tekið þátt leiksýningum á vegum hópsins. Í leikverkinu „*Ég er Jón*“ skoðuðu þátttakendur hvort ásjóna fólks væri öll sem hún sýnist. Leikverkið var flutt í fyrsta skipti í andyri Gerðubergs í tilefni að opnun myndlistarsýningar á vegum Hlutverkaseturs. Hópurinn (10) tók þátt í leiksýningu á Menningarnótt í samkomusal Hjalpræðishersins „*Verð að heiman í dag*“ sem Rúnar Guðbrandsson leikstjóri og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona og formaður velferðarráðs leiddu. Þetta var fyrsta verkefni ETHOS hér á landi, sem er leikhús heimilislausra. „*Ég er Jón*“ var endurgert af sama tilefni (15) undir nafninu „*Húmor-geðveikt leikhús fyrir alla*“. Hópurinn var með tvær jóllaleiksýningar (17). Í seinni sýningunni þar sem aðstandendum og velunnurum var boðið tóku fjórir starfandi listamenn á sínum sviðum einnig þátt.

Kórstarf í Hlutverkasetri var einu sinni í viku og mættu 6 – 15 manns í hvert sinn. Helgi Valur Ásgeirsson sem hafði umsjón með hópnum hætti því hann fékk vinnu um haustið. Anna Gréta Jónsdóttir tók við keflinu af Helga Val.

Sjósund var stundað af kappi og var farið frá Hlutverkasetri einu sinni í viku. Nokkrir sem hafa byrjað í sjósundi með Hlutverkasetri eru orðnir fastagestir á Ylströndinni. Frá því um áramótin höfðu um 30 manns prófað sjósund í fyrsta skipti og þar af eru átta farnir að stunda sjósund á eigin vegum.

Sylviane Lecoultre stýrði Útrásarverkefni Hlutverkaseturs. Markmiðið er aukin atvinnuþátttaka geðfatlaðra. Til að skapa hlutastörf fyrir þennan hóp sat Sylviane fundi og var með kynningar á eftirfarandi vinnustöðum: LSH, Pipar/TBWA auglýsingarstofa, Strætó,


Spesialistene, NG matvæli, Kattholt, Timestour, TR og Vinnumálastofnun. Haldin var vinnustofa fyrir atvinnurekendur í nóvember þar sem fulltrúar frá stjórn Hlutverkaseturs, fulltrúi frá Sorpu, Pipar, Reykjavíkurbog og AMS mættu. Heildarfjöldi þeirra sem leituðu í Útrás voru 66 einstaklingar þar af voru 41 nýir á árinu. Átján (27%) voru í eftirfylgd og 23 (35%) fengu vinnu á árinu. Tveir einstaklingar voru í 30% og 40% starfi á Geðheilsustöð Breiðholts og fjórir notendur fengu 20% og 30% vinnu, innan Hlutverkaseturs. Geðheilsustöð Breiðholts fékk nýsköpunarverðlaun fyrirtækja í opinberum rekstri fyrir uppbyggingu þjónustunnar sem m.a. fólst í því að ráða notendur með reynslu af geðheilbrigðiskerfinu. Liðveisla Reykjavíkurborgar tók yfir ráðningu þeirra í október. Í tengslum við verkefnið sat Sylviane fundi með geðteymi Breiðholts (2), geðteymi og yfirmanni liðveislu Breiðholts (1) velferðarsviði (2) og velferðarráði (1). Tengiliðir velferðarsviðs eru Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri, Þuríður Sigðurðardóttir og Sigurbjörg Fjöl意思dóttir. Tengiliðir Geðheilstöðvar Breiðholts eru Erla Alfreðsdóttir og Sigríður Hrönn Bjarnadóttir og tengiliður Hlutverkasetur er Elín Ebba Ásmundsdóttir. Íbúi eins íbúðakjarna sem starfað hefur sem NsN starfsmaður fékk vinnu í samfélagsteymi geðdeildar LSH. Sylviane fundaði með yfirmanni samfélagsteymis (3) og hefur hitt viðkomandi starfmann einu sinni í viku á árinu. Sylviane hefur jafnframt sinnt þeim einstaklingum sem eru af erlendum uppruna og hafa verið beint í Hlutverkasetur af félagsþjónustunni. Þetta eru yfirleitt frönskumælandi karlmenn, tala enga íslensku og litla sem enga ensku. Frá áramótum hefur hún haft samskipti við 12 slíka einstaklinga, sjö hafa fengið ýmiss konar ráðgjöf og fimm hefur hún aðstoðað með ýmsum hætti. Aðstoðin hefur m.a. tengst því að vera í samskiptum við eftirfarandi stofnanir: Vinnumálastofnun, Réttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Alþjóðastofnunina á Akureyri, félagsþjónustuna, Útlendingastofnun, vinnuveitendur og stéttarfélag.

Samningur við Vinnumálastofnun

Samningur á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs var gerður árið 2014, til 3ja ára, og gildir hann út 2016. Heildarfjöldi sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar s.l. ár var svipaður og fyrir árið 2014, sjá innan sviga til samanburðar. Fyrir árið 2015 komu 191 (181) einstaklingur yfir árið. Í hverjum mánuði komu frá 63 upp í 87 einstaklingar (65- 88). Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í flokki 2 – 4. Einstaklingar sem þurfa lítinn sem engan stuðning tilheyrja fyrsta flokknum og svo aukinn stuðning upp í fimmta flokk. Aldursdreifing hefur ekki breyst á milli ára og var meðalaldur sá sami, 42 ár. Konur voru enn í meirihluta eða 103 (106) á móti 94 (75) körlum. Af þessum 191 einstaklingi stunduðu 74 (38%) enn Hlutverkasetur í lok árs. Á atvinnumarkað fóru 27 (15%), tveir voru komnir í skóla, 22 (11%) í önnur úrræði og 62 (31%) farið annað eða voru í biðstöðu 10 (5%). Þegar framfærsla er skoðuð sést að rúmlega helmingur þátttakenda var á örorkubótum (51%), á atvinnleysibótum voru 25 (13%), á endurhæfingarlífeyri voru 30 (15%) og á félagsstyrk voru 11 (6%). Rúmlega helmingur þátttakenda kom að eigin frumkvæði (54%) en öðrum var vísað til Hlutverkaseturs af fagaðilum eða öðrum úrræðum.

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
1	0	0	0	0	0	4	0	0	1	2	0	0
2	27	30	35	36	35	30	28	24	31	35	35	32
3	24	31	34	33	30	35	37	40	41	39	36	31
4	8	10	9	7	11	9	9	9	9	9	7	7
5	4	3	2	2	2	2	2	1	2	2	1	0
Alls	63	74	80	78	78	80	76	74	84	87	79	70

Fjöldi eftir flokkum 2015



Konur	105
Karlar	100
Samtals	205

Meðalaldur 40 ár

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-30	64	27,7
30-40	80	34,6
40-50	19	8,2
50-60	18	7,8
60+	50	21,6
Alls	231	100

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnaleysibætur	27	14
Örorkubætur	100	52
Endurhæfingarlífeyrir	29	15
Félagsstyrkur	7	4
Vinna	1	1
Óþekkt	17	9
Sjúkradagpeningar	8	4
Nemi	3	2
Samtals	192	100

Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	17	9
LSH	34	18
VMST	9	5
Á eigin vegum	95	50
Önnur úrræði	8	4
Virk	5	3
Aðrir fagaðilar	23	12
Samtals	191	100

Hvert	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	74	41
Vinna	26	14
Nám	1	1
Önnur úrræði	21	12
Annað	51	28
Bið	8	4
Samtals	181	100

Bæjarfélag	Fjöldi	%
Reykjavík	149	78
Kópavogur	12	6
Garðabær	5	3
Hafnarfjörður	9	5
Mosfellsbær	5	3
Seltjarnarnes	3	2
Vogar	0	0
Annað	8	4
Alls	191	100

Námskeið

Heildarfjöldi einstaklinga sem sótti námskeið á árinu voru 290 sem er talsvert lægri en árið áður (354), en þeir sem sóttu námskeiðin mættu betur því heildarfjöldi mætinga var svipaður á milli ára. Tæplega 80% voru með skráð lögheimili í Reykjavík eins og 2014. Innflytjendur voru tæp 12% þátttakenda. Stærsti hluti þátttakenda átti við geðraskanir að stríða og eru öryrkjar sökum þess. Meirihlutinn var búinn að fara í gegnum endurhæfingarferli á fleiri en einum stað. Fjölgun hefur mest orðið í hópi ungra karlmannna sem eru af erlendum uppruna og eru að leita fyrir sér á Íslandi sem pólistíkir flóttamenn eða í leit af betri lífkjörum. Þeir skrá sig yfirleitt ekki, nýta sér tölvurnar og taka lítinn þátt í almennri starfsemi.

Námskeið voru 57 talsins. Verktakar á árinu voru fimm og sjálfboðaliðar 33 talsins. Dæmi um námskeið sem voru reglulega í boði: Á tali hjá Ágústu og Ebbu, hláturjoga, leiklist, söngur og dans, zumba, yoga, hugleiðsla, slökun, fimleir, enska, göngutúrar, létt trimm, handavinnuhorn, heilsuhópur, jólaföndur, saumastofa, sjósund, skák, súpueldhús og tónlistarklúbbur. Helstu listanámskeið voru olíumálun, opin smiðja og teikning. Einnig var boðið upp á pastel- og klippimyndir, modelteikningu, tauprykk, kúnstvatnslitun og geðræktarkassagerð. Einnig voru styttri námskeið í boði svo sem japönsk bókagerð, skutlugerð, leynihólfagerð, jólaskraut og kortagerð.

Trausti Ólafsson, leiddi vinnustofur í psychodrama. Hann vann eftir hugmynda- og aðferðafræði J. L. Moreno. Hélt hann átta vinnustofur sem fóru fram á föstudagseftirmiðdögum og á laugardögum einu sinni í mánuði frá september fram í maí. Þátttakendur voru á bilinu 7 til 12. Í lok júní var þriggja daga vinnustofutörn í samkomusal Kleppsspítala. Þar leiddi vinnuna ásamt Trausta, María Lumsden Rieder, sálfræðingur. Þá vinnustofu sóttu á milli 25 og 30 manns; af þeim tóku tíu manns þátt allan tímann. Trausti Ólafsson var með kynningu á psykodrama í Gerðubergi þar sem um 60 manns kynntu sér aðferðina.

Anna Henriksdóttir hafði umsjón með listsköpunarnámskeiðunum. Listkennari auk hennar var Svafa Björg Einarsdóttir. Einnig aðstoðaði María Gísladóttir á nokkrum námskeiðum. Listafólk Hlutverkaseturs skreyttu dagatal Sorpu fyrir árið 2015. Heildarfjöldi listanámskeiða voru 19 og að auki voru tvær myndlistarsýningar í Hlutverkasetri, önnur undir merkjum *List án landamæra*. Í maí var haldin samsýning þeirra Maríu Gísladóttur og Sigurðar J. Elíassonar. Þau sýndu 64 myndir unnar með ýmsum aðferðum. Sýningin bar nafnið „*Flottir titlar*” og stóð í 10 daga. Sýningin var opin daglega og sáu hana um 150 manns. Í Gerðubergi var sett upp 10 ára afmælisýning Hlutverkaseturs og hékk sýningin uppi í júní, júlí og ágúst. Frá áramótum var skipulega unnið að myndverkum sem tengdust þema sýningarinnar sem nefndist „*Sönn ásjóna*”. Tuttugu og fjórir þátttakendur sýndu 65 verk sem unnin voru með vatnslitum, klippitækni, pastel og olíu. Glæsileg opnun var í Gerðubergi þar sem yfir 200 manns mættu. Heildarfjöldi þeirra sem skráðu nöfn sín í gestabók var um 600 manns. Á vegum listakennara voru farnar menningartengdar gönguferðir sem tengdust tónleikaröð ýmissa tónlistarmanna á Kjarvalsstöðum. Þrisvar yfir árið voru vikunámskeið í náttúrusmiðju sem lauk með sýningum. Hvert námskeið var sérhannað og var mikil eftirspurn eftir þeim. Þá var að haldið teikninámskeið í modelteikningu í þrjá mánuði yfir sumarið sem mæltist mjög vel fyrir. María Gísladóttir og Steinn Kristjánsson voru model og tóku síðan við sem leiðbeinendur yfir sumarmánuðina.

Árangursmat

Mat á árangri hefur verið ríkur þáttur í starfsemi Hlutverkaseturs og hefur verið gert í gegnum símakannanir, þátttökuathuganir og eigindleg viðtöl. Einnig hafa þátttakendur skráð reynslusögur og sett á heimasíðu Hlutverkaseturs. Árangursmat fyrir árið 2015 var gert í gegnum rýnihóp og eigindleg NsN viðtöl. Markmiðið var að kanna reynslu af atvinnuþátttöku

þeirra sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði sökum geðrænna vandamála. Tveir masters nemar í iðjuþjálfun Jacklyn Robertson, BSW, MScOT og Kirsten Dembicki, BSc, MScOT frá Canada tóku hóprýniviðtöl við átta einstaklinga, þrjá karlmenn og fimm konur. Aldur þeirra var frá 33 til 53 ára. Allir þátttakendur voru með langvinnu geðræn vandamáli. Allir nema einn höfðu fengið vinnu gegnum Hlutverkasetur. Atvinnusaga þeirra einkenndist af mörgum störfum í stuttan tíma í senn. Menntunarstig frá grunnskóla til háskóla. Helmingur þátttakenda hafði ekki sett sér það markmið að fara á út vinnumarkaðinn þegar þeir fóru að mæta í Hlutverkasetur. Þeir komu til að auka lífsgæði sín og brjótast út úr einangrun. Þeir höfðu ennþá tengsl við Hlutverkasetur aðallega í gegnum eftirfylgd og/eða til að viðhalda félagslegum tengslum. Líf allra viðmælanda hafi breyst til batnaðar með atvinnuþátttökunni, þeir höfðu öðlast: aukið sjálfstæði og sjálfstraust, meira öryggi, meiri félagskap og höfðu fundið tilgang með lífinu. Hjá nokkrum hafði atvinnuþátttaka í för með sér aukin kvíða og jafnframt höfðu þeir litla orku að vinnudegi loknum, til að njóta tómsunda. Sjá nánar á heimasíðu Hlutverkaseturs; <http://www.hlutverkasetur.is/wp-content/uploads/2015/08/Impact-of-Employment-Focus-Group-Report.pdf>

Úttek NsN kannaði áhrif þátttöku á vinnumarkaði, á líðan og lífsgæði fólks sem hefur verið lengi án atvinnu og á við geðraskanir að stríða. Á tímabilinu 3. apríl til 28. ágúst voru tekin sjö NsN viðtöl við notendur sem höfðu fengið vinnu í gegnum Hlutverkasetur. Tveir viðmælanda voru af erlendu bergi brotnir. Aldursbil 30-50 ára. Allir höfðu verið á vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánaðiog var starfshlutfall 20 - 60%. Í flestum tilvikum benti utanaðkomandi aðili viðmælendum á að mögulega væru þeir tilbúnir til að fara aftur á vinnumarkaðinn. Viðmælendur sinntu störfum sem tengjast félagslegum stuðningi; ráðgjöf, liðveislu, eða aðhlyningu. Þeir voru allir á örorku. Flestir höfðu jákvæða reynslu af hinum ýmsu félagasamtökum og athvörfum sem gefa fólki, í þessari stöðu, tækfæri til að leggja eitthvað af mörkum. Í því tilliti var sérstaklega nefnt hversu gott hefði verið að vinna með jafningjum að gefandi verkefnum. Allir viðmælendur fundu fyrir byrjunarörðugleikum, þeim gekk erfiðlega í samskiptum í byrjun og að ráða við verkefnin. „Ég upplifði það stíft og erfitt fyrst...það tekur tíma að vinna upp traust, að tengjast fólki”. Einn upplifði mögulega bakpanka yfirmanns síns að hafa ráðið sig og ótta hans um að hann myndi veikjast aftur. Að vera í vinnu var gefandi, jók sjálfstraust þeirra, lífsgæði og hafði valdeflandi áhrif á líf þeirra. Einn viðmælandi lýsti starfi sínu svo: „Starf mitt er ekki fagmennska heldur mennska”. Algengt var að þátttakendur væru stoltir yfir að vera í vinnu, t.d. nefndi einn að þegar hann fékk starfsmanna/auðkenniskort í fyrsta skipti fannst honum hann hafi fengið „fast pláss í tilverunni”. Allir viðmælendur upplifðu aukið sjálfstraust, í tengslum við atvinnuþátttöku. Þeir höfu meiri stjórn á lífi sínu, og leið betur með stað sinn í tilverunni. „Ég er ekki lengur einskis virði...þetta er mjög gefandi”. Flestir fengu stuðning/eftirfylgd fyrir utan vinnustaðinn og margir þeirra fengu líka góðan stuðning frá samstarfsfólki. Athygli vekur að mjög fáir nefndu fjölskyldu sína sem stuðningsaðila. Varðandi tillögur til að auka áhuga fólks, með skerta starfshæfni, á atvinnuþátttöku var t.d. nefnt að aukið framboð af hlutastörfum myndi hjálpa.

Samstarf, nefndarstörf, kynningarmál og fjölmiðlaumfjöllun

Samstarf hófst við Fjölmennt á árinu með því að halda námskeið í Hlutverkasetri á þeirra vegum. Markmið var að auka þátttöku geðfatlaðra til að sækja námskeið Fjölmenntar. Tvö námskeið voru haldin í Hlutverkasetri, *Frá Afríku til Kúpu – trommur og menning*, sem hófst í september. Gunnar Waage kenndi grunninn í Kongo og Djembe trommuslætti. Björg Árnadóttir hélt námskeið í *Skapandi skrifum* sem hófst í október. Andrea Jónsdóttir og Etna Lupita Hlutverkaseturskonur fengu vinnu við að halda sumarnámskeið fyrir fólk með þroskahamlanir, Andrea í *hlátursjóka* (10) og Etna í *skapandi hreyfingu* (12). Þessi liður var þáttur í að efla atvinnuþátttöku og vinna gegn fordómum

Ánægjulegt samstarf við Soroptimistakonur hófst á árinu. Þær styrktu starfsemi Hlutverkaseturs með því að koma á námskeiði fyrir mæður ásamt því styrkja þrjár konur til atvinnuþátttöku. Konurnar kynntu bakgrunn sinn og væntanleg verkefni á aðalfundi félagsins. Mömmuleikni byrjaði í október. Helga Magnea Þorbjarnardóttir iðjuþjálfari stýrði því verkefni. Mikill áhugi var á námskeiðinu og 25 mæður með ung börn skáðu sig til leiks. Mömmuleikni var kynnt á geðdeildum Landspítalans, FMB teyminu (foreldrar, meðganga, barn) og Miðstöð foreldra og barna. Markmiðið var m.a. að mæðurnar fengu fræðslu og hvatningu til að tileinka sér tengslanálgaði hugarfar í samskiptum við börn sín. Námskeiðið var á hálfsmánaðar fresti. Sjö mæður mættu í helming tímanna eða meira. Af þeim mæðrum sem tjáðu sig um námskeiðið, sem og af fagaðilum, er mikil þörf á námskeiði í tengslaeflandi nálgun.

Atli Þór Elísson og Elín Ebba Ásmundsdóttir voru fulltrúar í samráðsvettvangsfundum úrræða á höfðuðborgarsvæðinu á vegum Geðhjálpar. Árið 2014 var gefin út sameiginlegur bæklingur til að kynna staðina, árið 2015 tóku staðirnir þátt í að leggja til efni í sjálfshjálparbækling. Anna Greta Jónsdóttir hóf samstarf við Bataskólann á Kleppi og sá um jóгатíma þar einu sinni í viku.

Sylviane Lecoultre og Bergþór G. Böðvarsson voru áfram fulltrúar í stjórn Geðhjálpar og Sylviane hélt áfram í kjaranefnd ÖBÍ. Hún starfaði eins og áður í nefnd um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála. Hún var einnig með í að móta geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun á vegum velferðaráðuneytisins, sem meðlimur í starfshópnum *Geðrækt og forvarnir*. Elín Ebba var einnig með í að móta stefnu og aðgerðaáætlun og tók þátt í hópnum sem fjallaði um *Fordóma og mismunun*. Bergþór Böðvarsson, hélt utan um skipulagninguna og stýrði fundum Alþjóða geðheilbrigðisdagsins þann 10. október en hann hefur gert það sl. 10 ár. Undirbúningur hófst í apríl og voru haldnir 10 fundir þar sem um 20 manna hópur notenda og starfsmanna skipulögðu dagskrána

Í upphafi árs fjallaði Bylgjan um *Geðveikan fótbolta*. Þar mættu Bergþór Böðvarsson ásamt tveimur þátttakendum í FC sækó liðinu. Etna, Kremena og María fóru í viðtal á Rás 1 í *Mannlega þáttinn* í mars og kynntu Hlutverkasetur. Í ágúst fór Elín Ebba í sama þátt og talaði um Útrásarverkefnið. Fjallað var um aðferðir pyskodrama í júní í Morgunblaðinu og tekið viðtal við Trausta Ólafsson og Maríu Lumsden Rieder (<http://www.mbl.is/myndasafn/mynd/385907/>). Fjallað var um myndlistarsýninguna *Sönn ásjóna* í sama mánuði í Fréttatímanum og Fréttablaðinu og tekin viðtöl við nokkra listamenn (<http://www.visir.is/thetta-er-ekkert-haettulegt/article/2015706279973>). Fréttablaðið fjallaði um *Útrásarverkefnið* í nóvember og tók viðtöl við fimm einstaklinga í Hlutverkasetri sem koma að verkefninu. <http://www.visir.is/thurfa-taekifaeri,-ekki-vorkunn/article/2015151109121>

Í mars var Ágústa Ísleifsdóttir með gjörning fyrir utan Alþingishúsið til að benda á léleg kjör öryrkjar, stöðu þeirra og réttindaleyfi. <http://stundin.is/frett/verkfall-oryrkja-auglysti-eftir-likkistu-samfelags/>. Ágústa var einnig með innlegg í nóvember á opnum fundi ÖBÍ um ráðstöfunartekjur og framfærslu öryrkja. <http://jack-daniels.is/index.php/opinn-fundur-obi-a-grandhotel-i-dag/>

Kári Auðar Svansson og Auðna Ýrr Oddsdóttir voru með innlegg í HÍ í tengslum við háskólanám og geðraskanir sem nefndist: *Alls konar aðgengi, hvernig lítur opið háskólasamfélag út vaðandi stuðning/ stuðningleysi í háskólanámi*. <http://www.genderkalendern.org/event.html?id=11019>. Etna Lupita tók þátt í sýningu í Gerðubergi í *Söguhring kvenna*, samstarfsverkefni bókasafnins og samtaka kvenna af erlendum uppruna. Markmið að skapa vettvang þar sem konur skiptast á sögum, persónulegum eða bókmenntalegum.

Hafin var gerð heimildarmyndar í umsjá Áshildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarkonu um leiklistarhópin *Humor – geðveikt leikhús fyrir alla*.

Námskeið, fyrirlestrar og ráðstefnur

Starfsfólk Hlutverkaseturs sinnti endurmenntun með ýmsum hætti. Kristín Sigursteinsdóttir iðjuþjálfari í Hlutverkasetri fór á námskeið um samfélags- miðlun, *Að virkja sköpunarkraftinn* og *Að laða fram það góða*. Einnig fór hún á námskeið í heilsumarkþjálfun; *A Health Coaching Framework as a Tool for Transforming Healthcare* á vegum Endurmenntun HÍ. Helga Ólafsdóttir iðjuþjálfari fór til Danmerkur á *Zumba* námskeið. Hún fór einnig á námskeið í *Tákni með tali* og hóf nám frá haustinu í mannauðstjórnun á vegum Endurmenntunar HÍ. Anna Henriksdóttir listmenntakennari fór á námskeið í vatnslitamálun hjá Myndlistaskóla Kópavogs. Svafa Björg Einarsdóttir fór á súkkulaðisteypunámskeið í Manchester og keramikráðstefnu í Wales. Tólf fulltrúar frá Hlutverkasetri mættu á málþing á vegum Reykjavíkúakademíunnar og Reykjavíkurborgar um valdeflandi starf með jaðarsettum fullorðnum. Trausti Ólafsson kynnti á málþinginu leiklistaraðferðir sem hann hefur unnið með í Hlutverkasetri. Sylviane Lecoulte og María S. Gísladóttir héldu fræðslu fyrir konur í *Gæfuspóri*, sem er samstarfsverkefni félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og Geðheilsustöðvar Breiðholts. Í mars fóru Elín Ebba og Ágústa Ísleifsdóttir á málþing, sem nefndist *Fjölskyldan í 1. Sæti*, á vegum þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Elín Ebba Ásmundsdóttir og Sylviane Lecoulte fóru á ráðstefnu um *konur, fíkn, áföll og meðferð* á vegum RIKK og Rótarinnar og á málþing um *heilbrigð framtengsl, sem forsendu lífshæfni*.

Elín Ebba og Sylviane skrifuðu grein saman í Ársrit Virk um verkefnið *Útrás – Einstaklingar með geðraskanir út á vinnumarkaðinn*. Sylviane Lecoulte var með innlegg í málþingi á vegum Siðmenntar um líknardauða <http://sidmennt.is/2015/02/01/upptaka-af-malthingi-um-liknardauda>. Í janúar var Elín Ebba með námskeið á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, um valdeflingu (25). Hún var með innlegg *virgni fyrir alla* á málþingi tómsunda- og félagsmálafræði HÍ og þjónustumiðstöðvar Breiðholts í Gerðubergi í apríl. Hún veitti teiknimyndabókinni *Svarti hundurinn* sem Geðhjálp gaf út á árinu umsögn. Hún fór til Færeyja í maí og kynnti sér dagþjónustu fyrir geðsjúka og hélt námskeið ásamt Héðni Unnsteinssyni sem geðhjúkrunarfræðingar þar í landi stóðu fyrir. Hún hélt einnig erindi fyrir iðjuþjálfafélagið í Færeyjum. Í tilefni af 100 ára kosningaramælis kvenna hélt hún erindið *Hvers virði eru kvennleg gildi* á málþingi á vegum Jafnréttisstofu. Hún fundaði með Dagvinn Björgvin NsN verkstjóra í Þrándheimi sem einnig er formaður Mental helse í Noregi. Hún sótt ráðstefnu á vegum EUWIN í London í október. EUWIN er alþjóðþing kvenfrumkvöðla (International european women inventors) og hlaut Elín Ebba viðurkenningu samtakanna árið 2011. Hún var smiðjustjóri í Breiðholtsbylgjunni sem haldin var í október þar sem 10 notendur Hlutverkaseturs tóku þátt og nefndist vinnusmiðjan „*Geðsjúkir í nágvígi*“. Haldnar voru tvær vinnusmiðjur og 30 starfsmenn borgarinnar mættu í hvort skipti.

Verkefnið FC sækó var kynnt fyrir nemendum í þroskaþjálfunarfræðum við HÍ. Í mars var málþing um geðheilsu undir yfirskriftinni „*Geðrækt fyrir alla*“ haldið í HA. Það var samstarfsverkefni milli HA, Hlutverkaseturs, Grófarinnar geðverndarmiðstöðvar, búsetudeildar Akureyrarbæjar, velferðarsviðs Rvk og LSH. Á málþinginu var fótboltaverkefnið *Geðveikur fótbolti - FC Sækó* kynnt. Bergþór G. Böðvarsson og Helgi Þór Gunnarsson, forstöðumaður, auk tveggja meðlima liðsins kynntu verkefnið og Skotlandsferðina og áhrif þess á geðheilsu og vellíðan. Einnig voru iðjuþjálfanemar HA með fyrirlestra um geðræktarverkefni og notendur Lautarinnar og Grófarinnar á Akueryi sögðu frá reynslu sinni. Á málþingið mættu tæplega 100 manns.

Fjórir fulltrúar Hlutverkaseturs tóku þátt í kennslu iðjuþjálfanema (26) á 3ja ári á heilbrigðisvísindasviði HA í umsjón Elín Ebba Ásmundsdóttir. Í september sáu þeir um kennslu um notendaárhif. Tvo kennslutíma fyrir iðjuþjálfanema (30) og tvo kennslutíma fyrir hjúkrunar- og iðjuþjálfanema (70).

Viðburðir og heimsóknir

Árlegt konukvöld var haldið í febrúar og mættu um 35 konur. Elísabeth Jökulsdóttir, skáld og gjörningalistakona var gestur kvöldsins. Hlutverkasetur bauð upp á faðmlög á Menningarnótt í Reykjavík í sjöunda sinn og mættu um 25 manns og knúsuðu vegfarendur. Þrjár sinnum var farið í Borgarleikhúsið á árinu, á sýningarnar Dúkkuheimilið (40), At (20) og Billy Elliot (40). Auglýsingastofna Pipar/TBWA bauð Hlutverkasetri 50 miða á jólatónleika í Grafarholtskirkju, Ilmur af Jólum með Heru Björk. Kunnum við þessum velgjörðarmönnum Hlutverkaseturs kærar þakkir.

Í tilefni af því að 10 ár voru liðin frá stofnun Hlutverkaseturs 13. maí var staðið fyrir ýmsum uppákomum tengdum afmælinu á árinu. Í maí var haldin afmælisveisla í Hlutverkasetri og komu um 200 manns í heimsókn yfir daginn. Guðlaug Valdimarsdóttir gerði Stiklur, samantekt af þróun Hlutverkaseturs frá upphafi sem er aðgengilegt á: <http://www.hlutverkasetur.is/wp-content/uploads/2015/05/Hlutverkasetur-10-%C3%A1ra-%C3%9Er%C3%B3unarsaga.pdf>. Stór myndlistarsýning var haldin í Gerðubergi „*Sönn ásjóna*” og leikverkið „*Ég er Jón*” sýnt af tilefninu. Fjölskyldudagur var í lok júlí í samstarfi við starfsfólk Ylstrandarinnar. Var grillað og eftirrétturinn var í boði Emessís. Í tilefninu var dansað Zumba, ungmennin gátu krítað og blásið sápukúlur og farið var í boltaleiki. Góðgerðardagur var síðan í september. Grund var heimsótt af sex þátttakendum Hlutverkaseturs sem sýndu heimilisfólki þar hæfileika sína. Afrakstur uppistandsnámskeiðs sem Þorsteinn Guðmundsson leikari hélt í október í tilefni afmælisins var sýnt á litlu jólum Hlutverkaseturs.

Eins og fyrri ár var starfsemi Hlutverkaseturs kynnt fyrir ýmsum hópum árið 2015. Má þar nefna; starfsfólk VMST (20) sem kom í janúar. Í febrúar komu heilbrigðisstarfsmenn frá Búlgaríu (5) frá The Cedar Foundation og fulltrúar barnaverndaryfirvalda í Sofíu og starfsmenn frá félagsþjónustunni í Kyustendil. Aðrir erlendir gestir voru t.d. starfsfólk (14) frá NAF í Tysvær commune í Noregi sem komu í ágúst. Sinnir það sambærilegum verkefnum og Vinnuálastofnun og Sjúkratryggingar Íslands sjá um hér og vildu kynna sér vinnumarkaðsátök í tengslum við efnahagshrunið. Í mars komu tíu nemendur frá Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna. Heimaland þeirra var Úganda, Malaví og Mósambík. Þeir unnu í ráðuneytum eða félagsamtökum. Einnig komu læknanemar á fimmta ári við Háskóla Íslands í starfsþjálfun sinni á geðsviði á LSH, hópur frá Grettistaki (30) og félagsliðanemar (28) frá Borgarholtsskóla komu í kynningu. Í júní kom starfsfólk frá Virkjun í Reykjanesbæ (6) og starfsmenn frá félagsþjónustunni í Kópavogi (15). Einnig komu kennarar (11) frá Námsflokkum Reykjavíkur.

Stjórn Hlutverkaseturs – AE endurhæfingar fundaði fimm sinnum á árinu. Stjórnin þakkar starfsfólki Hlutverkaseturs, sjálfboðaliðum og þátttakendum gott samstarf á árinu. Stjórnin vill sérstaklega þakka öllum sem tóku þátt í að gera 10 ára afmælið eftirminnilegt með alls kyns uppákomum sem veittu starfseminni jákvæða athygli. Eins þakkar stjórnin þeim fyrirtækjum sem hafa gefið skjólstaðingum Hlutverkaseturs tækifæri til að aðlagast vinnumarkaðnum smátt og smátt, með því að veita þeim hlutastörf og ný tækifæri á vinnumarkaðnum. Hugmyndafræðin um valdeflingu í verki í þjónustu við fólk með geðraskanir á enn við í dag áratug eftir að Hlutverkasetur var sett á fót með þá sýn að leiðarljósi. Ánægjulegt er að finna nú er stefnan orðin ríkjandi og er það m.a. frumkvöðlum eins og stofnendum Hlutverkaseturs að þakka. Megi næsta starfsár Hlutverkaseturs færa notendum okkar stóra sem smáa sigra og styrkja starfsemi Hlutverkaseturs enn betur í sessi.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar